

Sveitarfélagið Skagafjörður  
Anna Kristín Guðmundsdóttir  
Skagfirðingabraut 17  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 5. apríl 2024  
UST202403-006/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Borgargerði 4 - Sveitarfélagið Skagafjörður**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar er barst 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Borgargerði 4 í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagið nær til lóðanna Borgargerði 4, 4b og 4c. Innan Borgargerðis 4 verður einn byggingarreitur, fyrir hesthús og reiðskemmu þar sem hámarksbyggingarmagn er 2000 m<sup>2</sup>. Innan Borgargerðis 4b og 4 c verður heimilt að vera með íbúðarhús, bílskúr og smáhýsi þar sem hámarksbyggingarmagn á lóðinni er 300 m<sup>2</sup>.

#### **Miklavatn**

Í greinargerð kemur fram að svæðið nær inn á friðlýst svæði nr. FS2 sem er Miklavatn og láglendi Skagafjarðar þar sem svæðið einkennist af votlendi og miklu fuglalífi. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. maí til 1. júlí.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif tillögunnar á hið friðlýsta svæði í umhverfisskýrslu kafla 3.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Rakel Sæmundsdóttir

**sérfræðingur**